

28. fulltrúaping Sjúkraliðafélags Íslands

Haldið þriðjudaginn 7. maí, 2019, kl. 9:00

í félagsaðstöðu sjúkraliða við Grensásveg 16, Reykjavík.

1. Þingsetning:

Sandra B Franks, formaður, setti þingið.

2. Erindi:

„Að vinna út frá styrkleikum og hafa góð samskipti“. Anna Steinsen, ráðgjafi frá KVAN

3. Nafnakall þingfulltrúa:

Hulda Birna Frímannsdóttir, formaður kjörstjórnar viðhafði nafnakall. Allir fulltrúar mættir nema fulltrúi Vestmannaeyjajæildar.

4. Kosning þingforseta og varaforseta, og tveggja þingritara.

Sandra B Franks bar upp tillögu stjórnar um Birnu Ólafsdóttur sem forseta þingsins og Kristínu Ólafsdóttur sem varaforseta. Jakobínu Rut Daníelsdóttur og Birnu Ósk Björnsdóttur sem ritara þingsins.

Engar fleiri tillögur bárust og var tillagan samþykkt samhljóða.

5. Skýrsla formanns.

Sandra B Franks flutti skýrslu formanns sem er rafræn í ár.

-Hún kom inn á þróun sjúkraliða, fjölda þeirra og fjölda sem útskrifast.

-Hún sagði að þetta hefði verið viðburðaríkt starfsár og ekki hefðbundið fyrir formann.

Tímamót hefðu orðið í sögu félagsins.

-Gerð var könnun meðal sjúkraliða og átaksverkefni um ímynd sjúkraliða í þeim tilgangi að styrkja sjálfsímynd stéttarinnar.

-Gerð voru 5 örmyndbönd og þeim deilt sem víðast. Landspítalinn hefur verið innan handar og miðlað efninu. Verið er að taka ljósmyndir af sjúkraliðum með örsögum.

-Heimasíðan fékk nýtt útlit.

-Mótuð var persónuverndarstefna v. innleiðingar á nýjum persónuverndarlögum.

-Settar voru upp „mínar síður“ á heimasíðuna þar sem nú má ekki gefa upplýsingar gegnum síma.

-Fjórtán fundir voru haldnir í framkvæmdastjórn. Félagsstjórnarfundir voru þrjár og tveir trúnaðarmannaráðsfundir, þóknun fyrir trúnaðarmenn í fyrsta sinn á fundinum í febrúar. -----

-Reynt hefur verið að styrkja innra starfið, fundir verið haldnir með heilbrigðisráðherra um mönnunarmál, fálæti stjórnvalda, stefnumótun. Ráðherra hefur verið okkur hliðholl.

Óformlegt samstarf sjúkraliðafélagsins, hjúkrunarfélagsins, og ráðuneytis.

-Beiðni um aðild að hjúkrunarráði LSH. Nú eru bara hjúkrunarfræðingar og ljósmæður sem hafa rödd innan spítalans.

-Hugmyndir um að þyrfti að bæta í sjúkraliðahópinn á LSH. Rætt um leiðir til þess. Eftir til samstarfs milli félagsins, spítalans og fjölbrautaskólanna um að LSH veiti ófaglærðum starfsmönnum brautargengi til að fara í nám á sjúkraliðabrunni.

-Fagháskólanámið. Skýrslan tilbúin en virðist enn liggja á borði rektors.

-Félagsstjórn var viðstödd víslu orlofshúsanna á Akureyri, sömu helgi var Sandra með í að taka fyrstu skóflustungu að nýju þjóðarsjúkrahúsi.

-BSRB aðild. Fulltrúar félagsins sóttu þing bandalagsins. Sandra stýrði málstofu og var það skemmtileg reynsla. Sandra hefur verið kjörin í stjórn BSRB og er formaður velferðarnefndar BSRB.

-EPN samstarf. Tilgangur þess er að vinna að sameiginlegum hagsmunum. Formenn félaganna sitja í stjórn og sækja fundi tvisvar á ári. Farið var til Færeyja á ráðstefnu EPN á síðasta ári, haldinn fundur í Kaupmannahöfn og fundur í Osló í síðustu viku. Sameiginleg rödd, við erum ekki ein í þessari stöðu.

-Fannst mikilvægt að kynna sjúkraliðum. Hrafnista bauð til kynningarfundar. LSH, Sóltún og Hlíð.

Sandra sat aðalfundi svæðisdeilda Norðurlandsdeildar eystri Vestfjarðadeildar, Vesturlandsdeildar og Reykjavíkurdeildar.

Grasrótarfundir voru haldnir á 20 stöðum á landinu. Fróðlegir fundir og gott veganesti inn í kjaraviðræðurnar.

Sandra sagði að lokum að þetta hefði verið skemmtilegt og viðburðaríkt starfsár.

Orðið gefið laust um skýrslu stjórnar.

Kristín Helga hefur vitneskju um að skýrslan um fagháskólanám hafi verið til umfjöllunar hjá háskólaráði og sé nú komin í hendur ráðherra.

Þórdís S Hannesdóttir spyr hvort ekki megi koma örmyndböndunum í sjónvarpið þar sem ekki séu allir á FB. Sandra svarar að það sé mjög dýrt en athugað verði með bíóhúsin. Einnig verði athugað með að koma þeim inn í skólana.

Halldóra Lydia þakkar fyrir vel unnin störf á liðnu ári. Nú sjáist orðið talað um skort á hjúkrunarfræðingum og sjúkraliðum. Hrósar líka kynningarbæklingnum nýja.

Sóley Gróa, vill leggja áherslu á í skólakynningum að fá stráka í námið.

Birna Ólafs segir að bæklingurinn hafi verið búinn til fyrir verkið. Einnig minnir hún á nýkeyptar eignir félagsins í Reykjavík, og í Munaðarnesi.

Guðmunda Steingríms spyr hvort við getum ekki notað Evrópudaginn til meiri kynningar. Sandra svarar að það hafi verið í höndum svæðisdeilda og einstakra vinnustaða.

Skýrsla formanns borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

6. Endurskoðaðir reikningar lagðir fram til samþykktar

Afgreiðsla fjárhagsáætlunar fyrir næsta starfsár.

Ákvörðun félagsgjalda fyrir starfandi félagsmenn og fagfélaga.

-Ársreikningar félagsins, Jóna Jóhanna Sveinsdóttir, gjaldkeri SLFÍ kynnrir.

Engar fyrirspurnir, reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

-Reikningar orlofssjóðs, Gunnar Örn Gunnarsson, framkvæmdastjóri SLFÍ

Reikningarnir bornir undir atkvæði og samþykktir samhljóða.

-Fjárhagsáætlun félagssjóðs, Jóna Jóhanna.

Fjárhagsáætlun borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

-Tillaga félagsstjórnar SLFÍ um félagsgjöld næsta starfsár. Jóna Jóhanna.

Sóley spyr hvort þetta sé hækkun milli ára. Jóna svarar að þetta sé 5,9 % hækkun.

Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

-Fjárhagsáætlun orlofsheimilásjóðs, Gunnar Örn.

Borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fyrirspurn til orlofsnefndar frá Guðmundu Steingríms. Hvort mögulegt sé að gera tilraun á vinsælasta bústaðnum að gera hann að flakkara á vinsælasta tímanum þannig að vikunni sé skipt í tvennt, Heyrst hafi að eignir standi tómar að hluta þar sem leigutakar séu að nýta styttri tíma en úthlutað er.

Orlofsnefndin mun ræða þetta.

Margrét Auður talar um gólfið í eldhúsinu í Sigurhæð, að það sé orðið lélegt.

Guðrún Elín spyr hvort hægt væri að hafa lyklabox f. Íbúðirnar í Reykjavík. Það hefur ekki verið samþykkt af húsfélögum.

7. Tillaga uppstillingarnefndar um félagsmenn í stjórn og fastanefndir SLFI

Jakobína Rut Daníelsdóttir, formaður uppstillingarnefndar.

Borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

8. Skipað í starfsnefndir

Sandra fer yfir ályktanir sem liggja fyrir þinginu.

9. Vinna í starfsnefndum kynnt

Hópur 3, Ályktun um styttingu vinnuvikunnar. Jóna Jóhanna Sveinsdóttir.

Starfshópurinn vill bæta inn einni setningu.

/færri veikindadögum, Sé þessu mætt eru meiri líkur á að...

Ályktunin samþykkt samhljóða.

Hópur 1, Átak til að fjölga sjúkraliðum. Jóhanna Traustadóttir.

Starfshópurinn vill bæta við: Með því að meiri virðing sé borin fyrir náminu og getu til aukins starfssviðs.

Birna Ólafsdóttir er ekki nógu ánægð með þessa setningu. Vill láta fjarlægja hana. Umræðu frestað.

Hópur 4, Heimahjúkrun og biðlistar. Viktoría Magnúsdóttir.

Breyttu í sjálfu sér engu. Vilja þó koma inn því að þverfaglegt teymi komi að heimahjúkrun.

Bætt við þver- við faglegrar.

Borið undir atkvæði, og samþykkt samhljóða.

Hópur 2, Fagháskólanám. Þórdís S. Hannesdóttir.

Engin efnisleg breyting.

Birna Ólafsdóttir bendir á að í þessari ályktun sé hugsanavilla, framhaldsnámið í FÁ hafi verið á 4. Hæfniprepi. Við séum ekki að fara upp á 4. Þrepið með því að fá námið í háskóla. Við förum upp fyrir það.

Sandra B. Franks segir að hæfniprepin hafi ekki átt að vera í ályktuninni, þau séu ekki aðalatriðið. Þetta hafi slæðst inn í ályktunina.

Sóley Gróa spyr hvort hægt væri að fá FÁ til að fara aftur af stað með framhaldsnám fyrst biðin eftir háskólanum lengist sífellt. Birna svarar því að það sé ekki hægt, skólinn fái ekki greitt fyrir þetta nám.

Umræðu um ályktunina frestað

Hópur 1, Hjúkrunnarrými og mönnun. Kristín Helga Stefánsdóttir.

Hópurinn vill engu breyta eða bæta við.

Ábending frá Guðmundu Steingríms um að ekki sé rétt að engin krafa eða þrýstingur hafi verið á ófaglegt starfsfólk að afla sér menntunar. Sum hjúkrunarheimili hafi reynt að hvetja sitt starfsfólk.

Ragna Ágústsdóttir segist hafa heyrt að nýútskrifaðir sjúkraliðar megi jafnvel ekki mæla blóðþrýsting, því sé enginn hvati til náms.

Sandra segir að þetta sé það sem við er að eiga í dag. Þetta sé það sem verið er að gera í dag, að vekja athygli á því að við séum heilbrigðisstarfsfólk með lögbundin réttindi og skyldur.

Birna Ólafsdóttir kom með tillögu um að orðalagi verði breytt: „Þá hefur lítil krafa og ónógur þrýstingur verið á...“

Umræðu um ályktunina frestað.

Ályktun um „*Átak um fjölgun sjúkraliða*“ tekin fyrir aftur
Breytingatillaga borin upp og samþykkt

Ályktun um „*Fagháskólanám*“ tekin fyrir aftur
Tillaga um að ein setning verði tekin út
Breytingartillaga borin upp og samþykkt.

Ályktun um „*Hjúkrunnarrými og mönnun*“ tekin fyrir aftur með orðalagsbreytingu
Borin upp og samþykkt.

10. Áherslur í kjaraviðræðum:

Sandra B. Franks, formaður.

Sandra sagði frá námsstefnu í kjaraviðræðum á vegum ríkissáttasemjara. Sagði sjúkraliða vilja stytta vinnuvikuna númer 1 2 og 3. Þessi áhersla er á borði BSRB fyrir hönd sinna aðildafélaga. Búið er að funda 5 sinnum með ríkinu. Ræddar hafa verið leiðir sem eru færar í útfærslu. Styttingin fer í miðlæga samninga BSRB.

11. Önnur mál.

Birna Ólafsdóttir sagði frá fundi sem hún fór á í hádeginu á Landakoti. Þar var fjallað um fyrirhugað nám á sjúkraliðabru, þar sem spítalinn mun koma til móts við nemendur og veita þeim brautargengi á einhvern hátt. Birna bindur vonir við að af þessu geti orðið, 10 manns mættu á fundinn og talað er um að þegar LSH hefur komið fram með sína útfærslu verði talað líka við SFV því þar er stór hópur ófaglærðra.

Í lok fundar barst formanni símtal frá heilbrigðisráðuneytinu þar sem boðað var til fundar varðandi fagháskólanámið, þann 11. júní.

12. Þingslit.

Kristín Ólafsdóttir, varaformaður, slítur þingi kl. 15:20